

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hafa sveitarstjórnir Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Heiðarbær við Þingvallavatn, frístundabyggð.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag frístundabyggðar Heiðarbæjar við Þingvallavatn. Markmið deiliskipulagsins er að hafa til staðar deiliskipulag sem gefur heildarmynd af svæðinu þar sem lóðamörk, aðgengi og gönguleiðir eru skýrar. Jafnframt að fylgja eftir stefnu Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps um að til skuli vera deiliskipulag fyrir eldri frístundasvæði. Með deiliskipulagsgerðinni er unnið að því að samþætta lóðamörk, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Hættumat vegna ofanflóða hefur verið unnið fyrir tillöguna auk þess sem fyrir liggur höfnun á undanþágu vegna skilgreiningar byggingarreita frá Þingvallavatni og Grafningsvegi efri. Athugasemdir og umsagnir bárust við auglýsingu skipulagsins og voru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt viðbrögðum og andsvörum.

Samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 20. ágúst 2025 og sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps 3. september 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. desember 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 6. janúar 2026